

## Orð myndir og texti

Verkefnið byggist á því að *tengja saman, fyrirsögn, mynd og texta*. Unnið var í hópum. Hver hópur fékk texta, fyrirsagnir og myndir. Nemendur skiptust á að lesa textann upphátt og síðan reyndu allir í sameiningu að finna viðeigandi fyrirsögn og texta. Kennarinn gekk á milli hópa og kom með vísbendingar ef hópurinn var „strand“. Þegar allt var komið á sinn stað átti hver og einn nemandi að líma búтана á blað og setja það í vinnubók. Þetta er einfalt verkefni sem nemendum þótti skemmtilegt. Það skapaði umræður og nemendur gátu dundað við að ræða, raða, klippa, líma og lita☺

### Nemendur geta líka fengið:

- mynd og búið til texta og fyrirsögn sem þeim finnst passa við myndina
- fyrirsögn og farið í tölvu og leitað að efni og mynd
- texta og búið til hugarkort
- texta og komið sjálfir með mynd og fyrirsög
- texta í tveimur bútum og þeir finna „samstæðuna“ og líma saman
- texta sem þeir túlka með mynd
- texta sem þeir ljúka við

### Eða:

- Strikað undir orð sem þeir skilja ekki í textanum og skráð þau á spjöld. Leitað útskýringa í tölvu, bókum eða með aðstoð kennara

Það er líka hægt að **sverta** áhersluorð í textanum og vinna síðan með þau í lokin t.d.: Skráið og útskýrið svörtu orðin í textanum. Nemendur geta skipt textunum á milli sín og unnið orðskýringar. Það má síðan bera saman orðskýringar hópanna. Þetta getur líka verið aukaverkefni eða heimavinna og þá er hægt að fá hjálp frá google☺.

## Púслиð saman fyrirsögn, texta og mynd



- Vistspor mannsins
- Vistvænar samgöngur
- Áhrif mannsins á búsvæði dýra
- Endurvinnsla
- Loftslagsbreytingar
- Spilliefni
- Umhyggja fyrir náttúrunni
- Mengun
- Endurnýting



Hugmyndir að texta. Hann er hægt að einfalda. Textinn verður að endurspegla það sem kennarinn hefur fjallað um. Það má búast við því að nemendur kannist ekki við öll orðin sem koma fyrir í textanum en geta samt sem áður tengt hann á réttan stað.

Ný orð gefa tækifæri til umræðna innan hóps eða með kennaranum og bekknum. Það er alltaf gaman að skrá á töflu eftir nemendum hvaða ný orð nemendur telja sig hafa lært eftir daginn/tímann.

-----

Það eru margir sem nota ekki ruslafötur og henda rusli á jörðina. Ef ruslafötur eru ekki nálægt okkur eins og í náttúrunni þá tökum við ruslið með okkur og setjum það á réttan stað. Það er ekki fallett að sjá rusl út um allt og við köllum það sjónmengun eða sóðaskap. Í ruslinu geta líka verið eitrefni sem fara ofan í jörðina og menga jarðveginn sem er bústaður margra lífvera. Eitruð og hættuleg efni menga líka vötn, sjó og loft. Bílar og flugvélar menga loftið þegar efni (olía) sem þeir brenna fara út í umhverfið eins og koltvísýringur, CO<sub>2</sub>. Margar verksmiðjur sleppa menguðum efnum út í umhverfi sitt. "Hreint land fagurt land" var slagorð sem var mikið notað fyrir u.þ.b. 40 árum. Við ættum að bursta rykið af því og hugsa um það aftur. "Hreint" á ekki bara við um ruslið heldur öll mengandi efni. Við þurfum að flokka ruslið okkar og skila því á réttan stað til þess að hægt sé að nýta það eða eyða því.

-----

Efni sem eru skaðleg fyrir náttúru, menn og dýr er bannað að henda í ruslið eða hella þeim niður í niðurföll eða út í ár eða vötn. Hættuleg efni köllum við spilliefni og þeim verður að skila á endurvinnslustöðvar þar sem þeim er eytt eða þau send til útlanda til eyðingar. Rafhlöður eru spilliefni. Þegar hættulegum efnum úr þeim hefur verið eytt er málmurinn sem er utan um þau bræddur og notaður aftur. Ónýtum rafhlöðum má líka skila á bensínstöðvar og sumir Grænánaskólar safna þeim líka og senda síðan í Hringrás sem er fyrirtæki sem sér m.a. um að láta farga (eyða) spilliefnum. [www.hringras.is](http://www.hringras.is) þar er að finna fróðlegar myndir um spilliefni ☺

-----

Til þess að vara/hlutur verði til þarf m.a. hugmynd, efni og orku. Þegar þessar vörur eru framleiddar veður til mengun, bæði þegar verið er að framleiða hana og flytja hana til þeirra sem kaupa hana t.d. alla leiðina frá Kína til Íslands. Efnið og orkan kemur á einhvern hátt úr auðlindum jarðar og hún tekur við úrganginum. Það er því mikilvægt að nýta vöruna vel. Að gefa hlutum nýtt líf sem við erum hætt að nota kallast að endurnýta. Við getum gert það með því að kaupa gamalt eða breyta gömlu í eitthvað annað til dæmis getur flaska orðið að flottum blómavasa, tómur kaffipoki að pennaveski með smá hugviti og handavinnu og margt fleira. Þetta er gott fyrir jörðina að endurnýta. Það sparar auðlindir, peninga og dregur úr mengun. Það er því skynsamlegra að kaupa vandaða hluti sem duga lengur. Nota minna og nýta betur ☺

-----  
„Pappír er ekki rusli“ er slagorð sem á að hvetja fólk til þess að flokka ruslið. Það má líka segja „ruslið er auðlind“ því ef það er flokkað í sundur til dæmis í pappír, plast, ál, gler, kertavax má bræða eða kurla efnið niður og vinna það aftur í nýja hluti. Það sparar auðlindir jarðar og orku. Notaður pappír verður til dæmis að kassa utan um morgunkorn, plastflöskur að flíspeysum og fl.

Best er að:

Nota alls ekki  
eða minna,  
endurnýta  
eða endurvinna  
margnota  
ekki einnota.

-----  
Mörg dýr deyja út, eru í útrýmingarhættu vegna áhrifa mannsins. Búsvæði dýranna eru tekin undir byggingar eða ræktun. Dýrunum fækkar líka vegna ofveiði eða til dæmis mengunar á vatni. Breytingar á búsvæði dýra hefur áhrif á allar lífverurnar sem þar búa. Fjölbreytileiki lífvera verður minni. Ef skógur er felldur hverfa ekki aðeins lífverur sem lifðu þar heldur breytist umhverfið. Þegar mýrar/votlendi eru þurrkaðar þá hverfa bæði sýnilegar og ósýnilegar lífverur sem lifðu á svæðinu. Það eru þúsundir dýra í útrýmingarhættu í heiminum.

-----  
Þórunn hefur lært mikið um náttúrufræði í skólanum og ferðast mikið með foreldrum sínum. Henni finnst gaman að fara í útilegur, gönguferðir og æfa sig í að muna nöfn á fjöllum, blómum og fuglum, tjalda og fara í sund á mismunandi stöðum á landinu. Foreldrar hennar vilja að hún gangi vel um og benda henni á að mosinn er viðkvæmur og það eigi að forðast að ganga á honum, rífa ekki upp blóm og lyng bara til þess að henda því aftur á jörðina, halda sig við göngustíga þar sem þeir eru og margt annað. Fyrst fannst Þórunni þetta vera óþarfa reglur en þær venjast og hún skilur þær líka þegar hún hugsar um alla hina sem eiga eftir að koma og skoða náttúruna. Þeir eiga rétt á að hafa hana eins og hún sér hana eða helst flottari.

-----  
Koltvísýringur (CO<sub>2</sub>) er ósýnileg og lyktarlaus lofttegund. Hún er líka kölluð gróðurhúsalofttegund. Koltvísýringur og fleiri gróðurhúsalofttegundir koma m.a. frá útblæstri bíla, flugvéla, skipa og margra verksmiðja en líka frá eldgosum og skógareldum. Þessar lofttegundir auka hitann á jörðinni og þess vegna eru þær kallaðar gróðurhúsalofttegundir því það er mjög heitt inni í gróðurhúsum. Það er gott að hafa hita en of mikill hiti er ekki góður fyrir jörðina. Við segjum að loftslagið á jörðinni hafi breyst vegna hegðunar mannsins. Veðrið breytist, stormar og flóð verða oftar, jökla bráðna, vatn gufar upp, sjórinn hitnar, heit lönd verða heitari og breyting verða á öllu lífríkinu. Þetta gerist ekki allt í einu heldur á löngum tíma. En til þess að breyta þessu verður hver og einn að hugsa um hvað hann getur gert. „Enginn getur allt en allir geta gert eitthvað“.

-----  
Stundum gleymum við að hugsa um hvaðan maturinn okkar kemur og efnið í alla hluti sem við notum. Maturinn okkar kemur úr auðlindum jarðar. Brauð með osti og smjöri. Kornid í brauðið er rækta á jörðinni, grasið sem kýrnar þurfa er líka rækta á jörðinni, umbúðirnar sem eru úr plasti eru búnar að hluta til úr olíu og svo þarf líka vatn og orku til framleiðslunnar. Úr hverju eru skórnir þínir? Bókin þín? Hvaðan kemur ávöxturinn sem þú borðar? Hvað fór mikið af koltvísýringi (CO<sub>2</sub>) út í loftið þegar hann var fluttur til Íslands. Svona mætti lengi telja. Við þurfum líka að koma úrganginum okkar fyrir, eitthvað af honum fer í endurvinnslu annað ofan í jörðina, sjóinn eða loftið. Allt sem við notum af gæðum jarðar er mælt í vistspori. Best er að hafa vistsporið sem minnst. Ef allar þjóðir ætluðu að lifa eins og Íslendingar þyrfti margar jarðir en við jarðarbúar eigum saman eina jörð. Það eru ekki fleiri í boði!

-----  
Vistvænt er gott fyrir jörðina. Þegar við viljum vera vistvæn reynum við til dæmis að menga minna. Það er vistvænna að ganga eða hjóla en að fara á bíl. Frá bílnum kemur m.a. koltvísýringur (CO<sub>2</sub>) sem er gróðurhúsalofttegund og eykur hitann á jörðinni. Vistvænar samgöngur er líka ódýrari ferðamáti og betri fyrir heilsuna. Við hreyfum okkur mikið þegar við göngum eða hjólum. Við öndum að okkur útiloftinu, kynnumst veðrinu og umhverfinu vel á leiðinni.

**Fyrirsögn- mynd- texti** eins og hér að ofan má nota t.d. í tengslum við umhverfismerkin, fugla, fiska, fjöll, jökla, líffæri, sólkerfið og margt fleira. Góðar og gagnlegar upplýsingar um umhverfismerki og fleira áhugavert er á finna á vef Reykjavíkurborgar

<http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4625/>

Nemendur geta aflað sér upplýsinga um umhverfismerki í tölvum og unnið síðan þetta verkefni til gamans og upprifjunar.

## Að klippa og raða saman fyrisögn, texta og mynd

### Mismunandi umhverfismerki

Svanurinn

Lífræn ræktun

Evrópublómið

Blái Engillinn

Fálkinn



- Þetta er umhverfismerki sænsku náttúruverndarsamtakanna SNF sem sett hafa umhverfiskröfur fyrir ýmsa vöruflokka, s.s. hreinsivörur, vefnaðarvörur, orkuframleiðslu og samgöngur.
- Þetta er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Það hefur mikla útbreiðslu og nýtur mikils trausts meðal neytenda á Norðurlöndum. Í dag fást vörutegundir merktar þessi merki í um 70 mismunandi vöruflokkum, s.s. hreinsiefni, húsgögn, byggingavörur, rafhlöður og pappír. Þessu merki er stundum flaggað fyrir utan fyrirtæki eins og hótél eða prentsmiðjur.
- Þetta merki vottar að matvörur sem það hafa séu framleiddar með lífrænum aðferðum í samræmi við íslenskar og evrópskar reglugerðir um lífræna landbúnaðarframleiðslu.
- Merkið er opinbert umhverfismerki Evrópusambandsins. Í dag fást vörutegundir í 26 vöruflokkum merktar þessu merki. Meðal þeirra eru m.a. tölvur, jarðvegsbætir, málning og lakk, textílefni, ljósaperur og skór.
- Þetta merki er opinbert umhverfismerki Þýskalands og eitt elsta umhverfismerki í heimi. Vörur og þjónusta í tæplega 200 vöruflokkum fást merktar með Bláa Englinum. Þar á meðal eru allflestar gerðir neysluvara, allt frá pappírsvörum og hreinlætisefnum til húsbúnaðar, gólfefna og tölvu- og skrifstofubúnaðar.